

8. bekkur

Námsáætlun í dönsku haust 2014

Áfangalýsing

Í 8. bekk er lögð áhersla á að auka orðaforða nemenda og efla skilning á rituðu og töluðu máli með viðfangsefnum af ýmsu tagi.

Unnin verða hefðbundin vinnubókaverkefni sem innihalda m.a. spurningar úr textum, glósupörun, eyðufyllingar, krossgátur, orðarugl, hlustunarverkefni, samræðuverkefni og lesskilningsverkefni.

Hlustunar- og talæfingar verða reglulega og lögð verður áhersla á framburð og málnotkun. Nemendur skila ritunum reglulega. Í málfræði verður farið í óákveðinn- og ákveðinn greini nafnorða, nútíð sagna og byrjað að vinna með þátíð sagna og verða málfræðiæfingar unnar samhliða textavinnu. Nemendur lesa smásögur, horfa á kvikmyndir og unnin verða hópverkefni. Fylgst verður með því helsta sem gerist í Danmörku og nemendur eru hvattir til að kynna sér menningu, siði og venjur á Norðurlöndunum.

Viðfangsefni skólaársins er upprifjun á dönsku tölunum og danska stafrófinu, orðaforði tengdur dýrum (gæludýrum, dýrum í náttúru Danmerkur og hættulegum dýrum), mat (heiti á hinum ýmsu fæðutegundum, nesti, matur í öðrum löndum og saga íssins, hamborgarans og pizzunnar) og orðaforði tengdur jólum. Nemendur fá innsýn í jólasíði á hinum Norðurlöndunum.

Lögð verður áhersla á að nemendur beri ábyrgð á námi sínu og séu virkir í námsferli sínu.

Í kennslunni verða eftirfarandi kennsluhættir notaðir: Innlögn kennara, lestur, nemendur/kennari glósa texta, vinna í vinnubókum, talæfingar, hlustunaræfingar, leikir, ritun og málfræði. Ýmist er um að ræða einstaklingsnám, paravinnu, samvinnunám og hópvinna. Heimavinna s.s. lesa, glósa og vinna í verkefnabók þegar tilefni er til. Jafnframt eiga nemendur að lesa smásögu heima og undirbúa sig fyrir kannanir.

Tímabil	Markmið	Námsefni	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat	
Ágúst	Að nemendur -hafi gott skipulag á gögnum sínum. -geti tekið þátt í samskiptaleikjum og geti sagt eitthvað um þá sjálfa á dönsku. -læri dönsku tölurnar (framburður og ritháttur) - læri raðtölur frá 1.- 31. (framburður).	Úr smiðju kennara Smart, lesbók bls. 7 og Smart, vinnubók bls. 11-13. Verkefni úr smiðju kennara.	Farið verður vel í hversu mikilvægt er að hafa gott skipulag á gögnum sínum. Nemendur taka þátt í ýmsum leikjum þar sem þeir þurfa að eiga samskipti við bekkjarsystkin og þurfa að segja eitthvað um sig sjálfa. Nemendur fara t.d. á hraðstefnumót. -Nemendur læra framburð og rithátt dönsku talnanna með því að skrifa tölurnar niður og	Vinumappa er metin til einkunnar tvisvar á skólaárinu. Virgni í tímum.	

			taka þátt í ýmsum leikjum sem þjálfar tölurnar. Talið með bolta, bingó, töluboðhlaup og töluleikur á töflu	Virgni í tímum.	
Sept.	Að nemendur -þjálfist í hlustun, lesskilningi, ritun og töluðu máli. - skilji aðalatriði í samtölum og stuttum frásögnum og geti þannig haldið efnisþræði. -læri stafrófið (upprifjun). Að nemendur -tileinki sér orðaforða tengdan gæludýrum -geti hlustað á og skilið frásögn um gæludýr -geti tjáð sig bæði munnlega og skriflega um sitt uppáhalds gæludýr.	Smart, lesbók bls. 15. Smart, vinnubók bls. 28. Ýmis verkefni úr smíðju kennara, m.a. framburðaræfingar úr kennslubókinni Tag fat (fyrir framhaldsskóla). Smart, lesbók bls. 3-5, Smart, vinnubók bls. 3-8, 10,14-27 Verkefni úr smíðju kennara , m.a. málfræðiæfingar Veraldarvefurinn.	-Nemendur hlusta á ABC sangen eftir Palle Mortensen (youtube) - Nemendur stafa orð hvor fyrir annan og farið er í „hang man“. -Nemendur gera framburðaræfingar tveir og tveir saman. -Nemendur taka þátt í ýmsum leikjum sem þjálfar stafrófið -Textar lesnir (punktalestur upphátt, nemendur lesa í hljóði, nemendur lesa saman tveir og tveir eða í hópum og beita gagnvirkum lestri). -Nemendur glósa ýmist sjálfir, af töflu eða kennari afhendir glósur. Nemendur hjálpast að við að glósa í pörum og velja þemaorð dagsins. -Nemendur vinna í vinnubók samhliða lesbók.	-Kennari stafar orð sem nemendur eiga að skrá niður. Nemendur fá einkunn fyrir. -Kennari gengur á milli para og hlustar á framburðaræfingar og skráir frammistöðu. Nemendur skrá frammistöðu hvort hjá öðru. -Kennari gengur á milli þegar nemendur eru að tala um dýr, leiðbeinir og skráir hjá sér virgni. -Virgni nemenda metin. Veggspjald metið (virgni, efnistöð og skil). Jafningjamat á móti mati kennara.	

-geti lesið léttan texta um sitt uppáhalds gæludýr. Að nemendur -þjálfist í að lesa smásögu á dönsku		-Nemendur velja sér eitt dýr sem þeir eiga að tala um í hálfa mínútu. „Vis og fortæl“ –nemendur mega koma með sín eigin gæludýr og segja frá þeim. -Nemendur tala saman í fjögurra manna hópum og skipta reglulega um hóp. -Nemendur taka þátt í ýmsum leikjum sem þjálfra dýraheitin (töfluleikur,boðhlaup o.fl. Nemendur gera veggspjald um eitthvert dýr sem þeir kynna u.þ.b. þrír saman í hóp -Nemendur fá smásögu heim með viku fyrirvara, lesa hana sjálfstætt og taka könnun. -Nemendur undirbúa sig fyrir könnun heima á meðan þeir horfa á myndefni á dönsku í skólanum.	-Könnun er úr nútíð sagna. - Parapróf er úr kyni nafnorða, óákveðnum greini og ákveðnum greini nafnorða Smásögukönnun	
Að nemendur - geti unnið í hópum að ákveðnum verkefnum Að nemendur -tileinki sér orðaforða sem unnið hefur verið með Að nemendur -þjálfist í að horfa og hlusta á danskt myndefni,	Smart veraldarvefurinn orðabækur. Smart, bls. 3-8. Smásaga úr smiðju kennara.	-Kennari leggur inn nútíð sagna (reglulega og óreglulega) á töflu, nemendur glósa -Kennari kynnir lítillga þátíð sagna - Kennari leggur inn óákveðinn og		

	kynnist danskri menningu -læri nútíð sagna (reglulega og óreglulega) -kynnist þátíð sagna lítillaga - læri um kyn nafnorða -læri óákveðinn og ákveðinn greini nafnorða.		ákveðinn greini nafnorða, nemendur glósa.		
Okt.-nóv.	Að nemendur -þjálfist í hlustun, lesskilningi, ritun og töluðu máli. - skilji aðalatriði í samtölum og stuttum frásögnum og geti þannig haldið efnisþræði. -tileinki sér orðaforða tengdan dýrum í náttúru Danmerkur, hættulegum dýrum og geti lesið sér til skemmtunar stuttar frásagnir um dýr. - tileinki sér orðaforða um mat og matarvenjur. -fræðist um matarvenjur í öðrum löndum og fræðist um	Smart, lesbók bls. 8, 10-13, 18-23 Smart, vinnubók bls. 14-48 Veraldarvefurinn Efni úr smiðju kennara Kvikmyndin: Tempelriddernes skat /Kærlighed ved første hik/Vølvens forbandelse	-Textar lesnir (punktalestur upphátt, nemendur lesa í hljóði, nemendur lesa saman tveir og tveir eða í hópum og beita gagnvirkum lestri). Nemendur glósa ýmist sjálfir, af töflu eða kennari afhendir glósur. Nemendur hjálpast að við að glósa í pörum og velja þemaorð dagsins. -Nemendur vinna í vinnubók samhliða lesbók. -Nemendur taka þátt í ýmsum leikjum sem þjálfar dýraheitin og matarheitin (töfluleikur, boðhlaup o.fl.) -Nemendur tala á dönsku um þau viðfangsefni sem unnið er með hverju sinni	Virkni í tímum Stuttum ritunarverkefnum skilað Skrifleg einstaklingskönn-un úr bls. 3-7 í Smart. Einstaklingspróf úr bls.	

	sögu íssins, hamborgarans og pizzunnar. -fái innsýn í danska menningu, (danskir þættir og bíómyndir) -tileinki sér orðaforða sem unnið hefur verið með.		-Kvikmyndin sýnd í u.þ.b. þremur kennslustundum með dönskum texta. -Nemendur undirbúa sig heima fyrir könnun.	8, 10-13, 18-23 í Smart.	
Des.	Að nemendur -þjálfist í hlustun, lesskilningi, ritun og töluðu máli. - geti lesið stuttar smásögur á dönsku sér til ánægju og yndisauka. -fræðist um jólasíði á Norðurlöndum.	Smásagan Anna og Simon. Skal vi snakke sammen 2, bls. 17-21. Glimrende, bls. 38-49. Sagan Litla stúlkan með eldspýturnar. Veraldarvefurinn.	Nemendur lesa smásöguna sjálfstætt heima. Paravinna: Nemendur lesa hvor fyrir annan (gagnvirkur lestur), þeir ræða svo um innihald textans og velja í sameiningu þemaorð (ný orð, tengdan jólahaldi sem þeir lærðu við lesturinn). Verkefni og umræður um jólahald á Norðurlöndum. Sagan um litlu stúlkuna með eldspýturnar lesin og rædd.	Könnun úr smásögunni. Virkni í tímum metin.	
Kennarar, netfang					
○ Helga Dögg Sverrisdóttir ○ helgadogg@akmennt.is ○ Kristín List Malmberg ○ klm@akmennt.is Birt með fyrirvara um breytingar					